

## Erindisbréf endurskoðunarnefndar

---

Hlutverk og starfsáætlun endurskoðunarnefndar  
NTÍ.

### A. Markmið og stefna

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn stofnunarinnar til að sinna tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar. Endurskoðunarnefndin skal hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila til að auka traust og öryggi á fjárhagslegum upplýsingum.

Megin hlutverk endurskoðunarnefndar er:

- mat á eftirlitsumhverfi stofnunarinnar og fyrirkomulagi áhættustýringar og áhættueftirlits.
- greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda.
- tryggja fylgni við gildandi lög og reglur.

Til þess að sinna þessu hlutverki á endurskoðunarnefnd að koma á fót beinum samskiptum á milli stjórnar stofnunarinnar, yfirstjórnar og innri og ytri endurskoðanda.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda stofnunarinnar á rekstri og fjárfestingu er óbreytt og samkvæmt lögum 55/1992.

### B. Heimildir endurskoðunarnefndar

Innan ábyrgðarsviðs endurskoðunarnefndar er endurskoðunarnefnd veittar heimildir til eftirfarandi:

B.1. Afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar, sem endurskoðunarnefndin telur nauðsynlega til að sinna sínu hlutverki. Kostnaður vegna ráðgjafa skal samþykktur af stjórn stofnunarinnar áður en til hans er stofnað.

B.2. Gera kröfu um að viðkomandi starfsfólk taki þátt í fundum og veiti þær upplýsingar sem óskað er eftir af nefndinni.

B.3. Fá ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem endurskoðunarnefndin telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.

B.4. Annað sem nauðsynlegt telst til að nefndin sinni verkefnum sínum.

### C. Skipulag

C.1. Stjórn NTÍ skipar nefndarmenn og formann endurskoðunarnefndar. Nefndarmenn eru skipaðir eigi síðar en mánuði eftir að ný stjórn stofnunarinnar tekur til starfa. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og stjórnarinnar. Stjórn getur þó breytt skipunartíma nefndarinnar á starfstíma hennar.

C.2. Endurskoðunarnefndin skal skipuð þremur mönnum hið minnsta, þar af skal meirihluti nefndarmanna vera óháður NTÍ og starfsfólki stofnunarinnar.

C.3. Sérhver nefndarmaður skal hafa þekkingu á fjármálum og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar eða reikningsskila.

#### D. Fundarstörf

D.1. Aðeins nefndarmenn endurskoðunarnefndar eiga kröfu á að vera viðstaddir á fundum nefndarinnar. Þjóða má öðrum einstaklingum utan nefndar á fundi – t.d. ytri og innri endurskoðendum og framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

D.2. Endurskoðunarnefndin skal halda fundi eftir þörfum. Halda skal minnst tvo fundi í tengslum við gerð ársreiknings NTÍ. Einnig skal nefndin halda a.m.k. einn fund hverju sinni ef gerð eru ársfjórðungs- eða hálfársreikningsskil .

D.3. Endurskoðunarnefndin skal halda fundi a.m.k. árlega þar sem eingöngu nefndarmenn sitja. Þar sé til umfjöllunar framgangur verkefna nefndarinnar bæði er varða innri og eða ytri þætti. Ennfremur skal nefndin a.m.k. árlega halda fundi eingöngu með ytri og innri endurskoðendum sjóðsins.

D.4. Færa skal fundargerð af öllum fundum. Skal hún lögð fram til samþykktar á næsta fundi nefndarinnar. Fundargerðir nefndarinnar skulu sendar til stjórnar eftir samþykki .

D.5. Árlega skal endurskoðunarnefndin eiga fund með stjórn NTÍ þar sem nefndin leggur m.a. fram skýrslu um störf liðins árs. Ennfremur skal haldinn fundur með stjórn ef aðilar óska vegna sérstakra mála er varða viðfangsefni nefndarinnar.

#### E. Hlutverk og ábyrgð

Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar er að koma á beinum samskiptum við stjórnendur stofnunarinnar og endurskoðanda. Samskiptin eiga að skapa grunn að reglulegu mati endurskoðunarnefndarinnar á innri vinnuferlum NTÍ.

#### Stjórnendur félags:

E.1. Endurskoðunarnefndin skal meta störf stjórnenda við innleiðingu á virku og fullnægjandi eftirlitsumhverfi.

E.2. Nefndin skal kynna sér viðhorf stjórnenda til eftirlits með tölvukerfum, þar með talið að leggja mat á umfang almenns tölvueftirlits.

E.3. Nefndin skal afla sér þekkingar á innleiðingu stjórnenda á tillögum til úrbóta frá innri og ytri endurskoðanda.

E.4. Endurskoðunarnefndin skal yfirfara stefnu stofnunarinnar gagnvart áhættustýringu og koma fram með athugasemdir til stjórnar ef þörf þykir.

E.5. Nefndin skal afla sér þekkingar á innleiðingu stjórnenda á tillögum til úrbóta á áhættueftirliti stofnunarinnar.

E.6. Endurskoðunarnefndin skal yfirfara reglulega skýrslugerðir stjórnenda til stjórnar, ásamt því að meta úrlausnir á verulegum álitaeftum varðandi gerð reikningsskila.

**Innri endurskoðandi:**

E.7. Nefndin skal setja fram tillögu til stjórnar um val á innri endurskoðanda og þóknun fyrir störf hans.

E.8. Nefndin skal yfirfara hina árlegu innri endurskoðunaráætlun og meta umfang hennar með hliðsjón af aðstæðum stofnunarinnar.

E.9. Endurskoðunarnefnd skal yfirfara störf innri endurskoðunar og skipulag, ásamt því að meta hæfni og fagleg úrræði.

E.10. Halda skal fundi eftir þörfum með ábyrgum yfirmanni innri endurskoðunar, þar sem ræða má málefni sem þarfnast trúnaðar.

**Ytri endurskoðandi:**

Varðandi tengsl við ytri endurskoðanda skal endurskoðunarnefndin:

E.11. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og þóknun.

E.12. Yfirfara hina árlegu endurskoðunaráætlun og meta umfang hennar með hliðsjón af aðstæðum félagsins.

E.13. Eiga viðræður um verulegar athugasemdir endurskoðanda og tillögur til úrbóta, þar með talið val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum.

E.14. Yfirfara bréf endurskoðenda til stjórnenda og innfærslu í endurskoðunarbók o.fl., áður en þau eru lögð fyrir stjórn félagsins.

E.15. Samþykkja þóknun fyrir endurskoðunina og önnur störf endurskoðanda sem fela ekki í sér endurskoðun.

E.16. Afla staðfestingar á óhæði endurskoðanda, og leggja mat á nýja starfsmenn, sem áður hafa tekið þátt í endurskoðun hjá félaginu.

**F. Mat**

F.1. Endurskoðunarnefndin skal sjálf einu sinni á ári meta störf einstakra nefndarmanna og nefndarinnar í heild.

F.2. Endurskoðunarnefndin skal árlega meta starfshætti nefndarinnar, með það fyrir augum að meta þörf fyrir breytingar á þeim.

F.3. Stjórn stofnunarinnar skal á hverju ári yfirfara og samþykkja starfsáætlun nefndarinnar.

**G. Hæfi nefndarmanna, trúnaðar-og þagnarskylda og önnur atriði**

G.1. Nefndarmenn eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um öll störf sín á vegum nefndarinnar. Öll gögn sem aflað er vegna vinnu nefndarinnar skulu nefndarmenn fara með sem trúnaðargögn.

G.2. Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila. Um sérstakt hæfi nefndarmanna skal fara að lögum um sérstakt hæfi héraðsdómara.

G.3. Nefndarmaður skal almennt sjálfur meta hæfi sitt og upplýsa aðra nefndarmenn um það. Ef vafi leikur á hæfi, skulu aðrir nefndarmenn taka endanlega afstöðu til hæfis.

G.4. Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja starfi sínu lausu sem nefndarmaður. Þá er meirihluta stjórnar sjóðsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefnd án rökstuðnings og án fyrirvara ef þurfa þykir.

G.5. Stjórn stofnunarinnar ákveður þóknun til nefndarmanna.

Endurskoðað og samþykkt á fundi endurskoðunarnefndarinnar 22. febrúar 2016.

Yfirfarið og samþykkt á stjórnarfundi 26. febrúar 2016.

	já	nei	viðbrögð
<b>Áhættuþættir</b>			
<b>A. Markmið og stefna</b>			
Hefur verið gert mat á eftirlitsumhverfi stofnunarinnar og fyrirkomulag áhættustýringar?			
Hefur verið gerð greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillaga um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda?			
Hefur fylgni við gildandi lög og reglur verið tryggð?			
<b>B. Heimildir endurskoðunarnefndar</b>			
Hefur endurskoðunarnefnd aflað faglegra og óháðra ráðgjafa, sem nefndin telur nauðsynlega, og lagt fyrir stjórn kostnað vegna þeirra, áður en til hans er stofnað?			
Hefur viðkomandi stafsfolk tekið þátt í fundum og veitt þær upplýsingar sem nefndin óskar eftir?			
Hefur endurskoðunarnefnd fengið ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu?			
<b>C. Skipulag</b>			
Er nefndin skipuð þremur m-nnum, og er meirihluti nefndarmanna óháður Viðlagatryggingu og starfsfólki stofnunarinnar?			
Hefur sérhver nefndarmaður staðgóða þekkingu á fjármálum og að minnsta kosti einn nefndarmaður staðgóða þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar og reikningsskila?			
<b>D. Fundarstörf</b>			
Hafa fundir verið haldnir í samræmi við erindisbréf, þ.e. Að minnsta kosti tveir í tengslum við gerð ársreiknings Viðlagatrygginga og einn fundur hverju sinni ef gerð eru ársfjórðungs- eða hálfársreikningsskil?			
Hefur endurskoðunarnefnd fundað á árinu með stjórn Viðlagatryggingar?			
Hefur verið skráð fundargerð af öllum fundum, og hún lögð fram til samþykkis á næsta fundi nefndarinnar?			
Hafa fundargerðir verið sendar til stjórnar eftir samþykki?			



<b>E. Hlutverk og ábyrgð</b>			
Hefur nefndin metið störf stjórnenda við innleiðingu á virku og fullnægjandi eftirlitsumhverfi?			
Hefur nefndin kynnt sér viðhorf stjórnenda til eftirlits með tölvukerfum, þar með talið að leggja mat á umfang almenns			
Hefur nefndin aflað sér þekkingar á innleiðingu stjórnenda á tillögum til úrbóta á innri og ytri endurskoðanda?			
Hefur nefndin yfirfarið stefnu stofnunarinnar gagnvart áhættustýringu og komið fram með athugasemdir til stjórnar ef þörf þykir?			
Hefur nefndin yfirfarið skýrslugerðir stjórnenda til stjórnar, ásamt því að meta úrlausnir á verulegum álitaeftum varðandi gerð			
<b>Innri endurskoðandi</b>			
Hefur nefndin tilnefnt innri endurskoðanda og ákveðið þóknun fyrir störf hans?			
Hefur nefndin yfirfarið störf innri endurskoðunar og skipulag, ásamt því að meta hæfni og fagleg úrræði?			
Hefur nefndin haldið fundi eftir þörfum með ábyrgum yfirmanni innri endurskoðunar, þar sem ræða má málefni sem þarfnast trúnaðar?			
<b>Ytri endurskoðandi</b>			
Hefur nefndin tilnefnt ytri endurskoðanda og ákveðið þóknun fyrir störf hans?			
Hefur nefndin yfirfarið hina árlegu endurskoðunaráætlun og metið umfang hennar með hliðsjón af aðstæðum félagsins?			
Hefur nefndin átt viðræður um verulegar athugasemdir endurskoðanda og tillögur til úrbóta, þar með talið val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum?			
Hefur nefndin yfirfarið bréf endurskoðanda til stjórnenda og innfærslu í endurskoðunarbók o.fl., áður en þau eru lögð fyrir stjórn			
Hefur nefndin samþykkt þóknun fyrir endurskoðunina og önnur störf endurskoðanda sem fela ekki í sér endurskoðun?			
Hefur nefndin aflað staðfestingar á óhæði endurskoðanda, og lagt mat á nýja starfsmenn, sem áður hafa tekið þátt í endurskoðun hjá			
<b>F. Mat</b>			
Hefur stjórn stofnunarinnar, yfirfarið starfsáætlun nefndarinnar?			
<b>G. Hæfi nefndarmanna</b>			
Hafa nefndarmenn upplýst um vanhæfi vegna tengsla ef það hefur átt við?			
Stjórn stofnunarinnar ákveður þóknun til nefndarmanna.			